



Þjónustu – og stuðningsteymi

Þjónustu- og stuðningsteymi er úrræði til að halda utan um skólagöngu nemenda með sértæka námsörðugleika, frávik í vitsmunabroska, tilfinningabroska, félagsþroska og/eða líkamlegrar fötlunar.

Hlutverk:

Teymið hefur það hlutverk að leita leiða til að móta og samhæfa markvissa vinnu til að auðvelda skólagöngu viðkomandi barns og gera hana eins árangursríka og kostur er.

Meðlimir teymisins hittast reglulega á fundum og meta stöðuna.

Í teyminu eru auk foreldra/forráðamanna umsjónarkennari og aðrir sem skólinn tilnefnir eftir þörfum t.d. sérkennari, námsráðgjafi og stuðningsfulltrúi auk fulltrúa þjónustumiðstöðvar og annarra aðila sem mikilvægt er að komi að skólagöngu viðkomandi nemenda. Teymisstjóri (sérkennari eða stjórnandi) boðar til funda og ákveður tíðni þeirra.

Tíðni funda

Fundir á 6 vikna fresti:

1. Nemandi nýr í skóla með alvarleg frávik
2. Nemendur með skilgreind frávik, greiningar liggja fyrir, teymið hefur verið starfandi í nokkurn tíma og framvinda skólagöngu er ekki skv. væntingum.

Fundir á 12 vikna fresti:

1. Nemendur með skilgreind frávik, greiningar liggja fyrir, teymið hefur verið starfandi í nokkurn tíma og framvinda skólagöngu er góð.